

Kaupréttaráætlun

Nýherja hf.

SAMÞYKKT Á AÐALFUNDI NÝHERJA

ÞANN 4. MARS 2016

Stjórn Nýherja hf., kt. 530292-2079, Borgartúni 37, Reykjavík, gerir svofellda áætlun um kauprétt starfsmanna félagsins og dótturfélaga á hlutum í félaginu.

1. gr. **Markmið**

Markmið kaupréttaráætlunar þessarar er að samþætta hagsmuni starfsmanna félaga í samstæðunni, við langtíamarkmið félagsins.

Með samningum gerðum á grundvelli kaupréttaráætlunarinnar gefst starfsmönnum félagssamstæðunnar kostur á að kaupa árlega á næstu þremur árum hluti í félaginu á fyrirfram skilgreindu verði.

2. gr. **Kaupréttarhafar**

Kaupréttur á hlutum í Nýherja hf. samkvæmt áætlun þessari nær til allra fastra starfsmanna félagsins og dótturfélaga þess.

Þannig nær kauprétturinn ekki til annarra. Fastir starfsmenn Nýherja og dótturfélaga þess teljast þeir starfsmenn sem með ótímabundnum ráðningarsamningi við félögin hafa skuldbundið sig til starfa fyrir þau gegn launum úr hendi þess.

Starfsmenn sem ráðast til félaganna í föst störf eftir gerð þessarar áætlunar skulu öðlast kauprétt. Slíkur ávinningur hefst frá og með upphafi næsta rekstrarárs, eftir að hið fasta ráðningarsamband hófst, þar til áætlun þessi rennur skeið sitt á enda.

Áætlun þessi nær ekki til verktaka sem starfa fyrir félögin og starfsfólks sem er lausráðið.

Kaupréttaráætlun þessi verður kynnt væntanlegum kaupréttarhöfum á sérstökum fundi. Þeirri almennu kynningu verður fylgt eftir í viðtali við hvern kaupréttarhafa, samhliða boði um gerð kaupréttarsamnings.

Samningur um kauprétt verður gerður við hvern kaupréttarhafa, í tveimur samhljóða eintökum og mun halda sínu eintakinu hvor samningsaðila.

3. gr. **Réttindi og skyldur**

Hlutum keyptum á grundvelli áætlunarinnar fylgja öll sömu réttindi og öðrum hlutum í félaginu.

Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli áætlunar þessarar, verður kveðið á um að hið skemmsta tólf mánuðir skuli líða frá gerð kaupréttarsamnings og þar til kaupréttur er fyrst nýttur.

Í kaupréttarsamningum, gerðum á grundvelli áætlunar þessarar, verður kveðið á um að kaupréttarhafi skuldbindi sig til að eiga keypta hluti í tvö ár hið skemmsta, til þess að kaupréttarhafi geti nýtt skattalegar ívilnanir er felast í áætlun þessari, sbr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Í kaupréttarsamningum gerðum á grundvelli áætlunar þessarar, verður kveðið á um að kaupréttur sé ekki framseljanlegur.

4. gr.
Ávinnsla kaupréttar

Kaupréttur hvers kaupréttarhafa ávinnist í þremur áföngum á þremur árum frá gerð kaupréttarsamnings á grundvelli áætlunar þessara.

Þann 31. mars 2017 hefur starfsmaður áunnið sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 600.000.

Þann 31. mars 2018 hefur starfsmaður áunnið sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 600.000.

Þann 31. mars 2019 hefur starfsmaður áunnið sér rétt til kaupa á hlutafé fyrir allt að kr. 600.000.

Ávinnsla kaupréttar er bundin störfum kaupréttarhafa fyrir félagið og dótturfélög. Láti kaupréttarhafi af störfum hjá félaginu eða dótturfélögum fellur kaupréttur hans niður. Ef starfslok bera að vegna aldurs, andláts kaupréttarhafa eða vegna þess að kaupréttarhafi verður óvinnufær sökum heilsubreysts skal kaupréttarhafi hafa hlutfallslegan áunninn kauprétt og skal hann eða dánarbúi hans, á tilkynningardegi skv. 7. gr. tilkynna hvort kaupréttur verði nýttur.

Hver starfsmaður getur að hámarki keypt hluti á grundvelli áætlunar þessarar fyrir 600.000 kr. á ári, miðað við skilgreint kaupverð, sbr. ákvæði 7. tölul. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þannig skal starfsmanni ekki heimilt að safna upp eða fresta innlaun áunnins kaupréttar, heldur fellur óinnleystur kaupréttur niður.

5. gr.
Kaupverð

Kaupverð í kaupréttarsamningum sem kunna að verða gerðir á grundvelli áætlunar þessarar skal ávallt vera í samræmi við reglur 4. tl. 10. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003.

Hlutir í félaginu eru skráðir til viðskipta í kauphöll. Kaupverð hluta samkvæmt kaupréttaráætlun þessari skal vera vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félags tíu heila viðskiptadaga fyrir samningsdag.

Nýti starfsmaður kauprétt sinn skal hlutafé staðgreitt með reiðufé.

6. gr.
Staðfesting ríkisskattstjóra

Kaupréttaráætlun þessi verður borin undir ríkisskattstjóra til staðfestingar, sbr. ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, áður en henni verður hrundið í framkvæmd.

7. gr.
Innlaun og afhending hluta

Kaupréttarhafar skulu tilkynna um nýtingu kaupréttar hvers árs á tímabilinu 20. mars til 31. mars ár hvert frá og með árinu 2017. Skal stjórn þá í framhaldi tilkynningar afhenda hlutafé, annað tveggja, með útgáfu nýs hlutafjár eða afhendingar á eigin hlutum, gegn greiðslu innlausnarverðs.

Til fullnustu á skyldum sínum samkvæmt samningum gerðum á grundvelli áætlunar þessarar mun félagið gefa út nýtt hlutafé eða afhenda eigin hlutafé. Til að mæta skuldbindingum samkvæmt kaupréttum starfsmanna verður gerð tillaga á aðalfundi félagsins haldinn 4. mars 2016 þess efnis að fundurinn veiti stjórn þess heimild til að auka hlutafé um allt að 60.000.000 hlutum með áskrift nýrra hluta til að geta staðið við skuldbindingar skv. áætlun þessari og samningum sem af henni kunna að leiða. Verður þeirrar heimildar getið í samþykktum félagsins, dags. sama dag. Þannig breyttar samþykktir munu verða skráðar í Hlutafélagaskrá.

8. gr.

Heimild til niðurfellingar áætlunar

Stjórn félagsins skal, mæli ríkar ástæður með því, vera heimilt að fella niður áætlun þessa í heild og gildir þá sama um öll réttindi og skyldur sem af henni má leiða. Heimild stjórnar skal virkjast í eftirtölum tilfellum:

- a) Vegna samruna félags utan samstæðu.
- b) Vegna slita félagsins.
- c) Komi til þess að verulegur hluti samstæðunnar verði seldur.
- d) Komi til fjárhagslegrar endurskipulagningar.
- e) Óski félagið eftir heimild til greiðslustöðvunar eða leiti nauðasamninga.
- f) Í öðrum tilfellum, mæli ríkar ástæður með því.

9. gr.

Fyrirvari um heimildir hluthafa vegna útgáfu nýrra hluta

Áætlun þessi og kaupréttarsamningar og skuldbindingar félagsins gagnvart kaupréttarhöfum skulu ávallt vera bundnar því skilyrði að félagið geti afhent hlutafé til að efna samninga, annað tveggja með útgáfu nýrra hluta eða afhendingu eigin hluta.

10. gr.

Samþykkt áætlunar

KPMG ehf. er falið að leggja áætlunina fyrir ríkisskattstjóra til samþykktar, skv. 8. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 4. mars 2016 verður lögð fram tillaga um veitingu heimildar til stjórnar til að hækka hlutafé um kr. 60.000.000 og samþykki hluthafa fyrir að falla frá forkaupsrétti nýrra hluta, sem gefnir kunna að verða út á grundvelli áætlunar. Á sama fundi verður lögð fram tillaga að starfskjarastefnu sem heimilar stjórn félagsins að gera kaupréttarsamninga á grundvelli 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og nýta heimild stjórnar til að gefa út hluti á grundvelli áætlunar.

Reykjavík, 4. mars 2016

Finnur Oddsson, forstjóri
Í umboði stjórnar